

Reykjavík 2. mars 2001.

Athugasemdir við umsagnir umsagnaraðila v/Suðurstrandarvegur

Fornleifafræðistofan hefur fegnið til athugunar umsagnir fjögurra aðila um tillögu að matsáætlun Suðurstrandarvegur. Aðilarnir eru Þjóðminjasafn Íslands, Hafnarfjarðarbær, Grindavík og Landmótun (landslagsarkitektar).

Allar eru ábendingarnar sem fram koma góðar og eru umsagnaraðilar sammála þegar svo ber undir. Þó er einn staður sem umsagnaraðilar eru ekki sammála um, en það er Húshólmi í Ögmundarhrauni í landi Grindavíkur. Þjóðminjasafn, Hafnarfjarðarbær og Landmótun leggja til að hinn fyrirhugaði vegur verði færður upp fyrir hólmann, en Grindavík mælir með því að hann verði lagður í gegnum hann.

I.

Rökin með færslunni upp fyrir Húshólma eru þau að um samfellt minjasvæði frá Húshólma, Fitjum og að Selöldu sé að ræða og að færsla vegarins komi betur út vegna tengingar við Ísólfskálaveg, þ.e.a.s. aðkomu að Krýsuvíkurbær að sunnan (Landmótun og Hafnarfjarðarbær).

Þjóðminjasafnið bendir á að vegurinn muni skera í sundur Húshólma og fjórar fornleifar lenda ofan vegar. Vætanlega er gengið út frá sömu forsendum og Hafnarfjarðarbær og Landmótun gera, þ.e.a.s. að um samfellt minjasvæði sé að ræða, allavega í sjálfum Húshólmanum.

II.

Rök Grindavíkur með því að hafa veginn í gegnum Húshólma eru nokkur: Þau eru; öryggisatriði varðandi hugsanlegan sjávarháska, öryggi gagnvart snjóalögum og skemmti- og fagurfræðilegt gildi vegna ferðamanna (Grindavík). Einnig er bent á að leiðin muni liggja nærri fornminjum og áhugaverðum stöðum sem ekki hafa notið sín eins og verðugt væri hingað til. Er hér átt við þá staðreynd að minjarnar í Húshólma eru afar óaðgengilegar. Þjóðminjasafnið tekur undir þetta sjónarmið en mælir þó gegn leggunni. Því ber að álykta að eina röksemdin fyrir færslu vegarins norður fyrir Húshólma sé að um samfellt minjasvæði sé að ræða sem ekki megi raska (skera í sundur) og að þessi staðreynd

vegi upp kostina sem nefndir eru hér að ofan. Það er álit Fornleifafræðistofunnar að málið megi skoða í öðru ljósi og það sé ekki jafn einfalt og mætti halda við fyrstu sýn.

III.

Hugtakið samfelld minjasvæði er býsna loðið og erfitt að draga mörkin. Þegar sagt er að minjasvæði nái frá Fitjum, Selöldu og í Húshólma er ekki ljóst hvað við er átt og af hverju minjasvæðið nær aðeins yfir þessa staði í þessu tilviki. M.ö.o. hvar skal draga mörkin?

Húshólmi og Fitjar/Selalda eiga lítið annað sameiginlegt en að vera fornleifar. Hinar fornu rústir Húshólma eru mun eldri en rústirnar við Fitjar/Selöldu og af allt öðrum toga. Þó má benda á að fornleiðin gamla (nr. 4:1) tengir Fitjar/Selöldu, eða öllu heldur Krýsuvík, við Ögmundarhraun, en leiðin lá ekki til hinna fornu rústa Húshólma, heldur til útræðisins við Selatanga m.a. Leiðin er með öðrum orðum yngri en hinar fornu rústir í Húshólma. Einnig má benda á að fornleifarnar við Fitjar/Selöldu eru í öðru sveitarfélagi en Húshólmi og það sveitarfélag hefur aðrar skoðanir á málinu og vill auka aðgengi almennings að hinum fornu rústum Húshólma. Má segja að Grindavík hafi öðruvísi hugmyndir um verndaráætlun en Hafnarfjörður í þessu máli.

Undirritaður dregur allnokkuð í efa að allar rústirnar í Húshólma séu hluti af sömu heild og bendir á í því samhengi að rústirnar fyrir ofan hinn fyrirhugaða veg eru að öllum líkindum frá allt öðrum tíma en hinar fornu rústir neðan hans. Ofan vegar er um stekk (nr. 4:2) og trúlegt skotbyrgi (nr. 4:3) að ræða sem gætu vel verið frá 19. öld, ef ekki yngri. Einnig er um hringlaga rúst (nr. 4:4) að ræða, sem er hugsanlega fjárbyrgi og þau eru öll frá seinni öldum sbr. fil. kand. ritgerð Þorvaldar Friðrikssonar um þessa húsatægunnd (*Keltiska hustyper på Island*. Göteborgs universitet. Göteborg 1982). Því má segja að í Húshólma séu um tvær heildir að ræða, annarsvegar hinar fornu rústir í neðri hluta hólman og hins vegar ungar rústir, sem tengjast fjárhaldi, í efri hluta hólman. Þessar tvær heildir eiga lítið annað sameiginlegt en að vera í óbrenndum hólma í hrauni og að vera fornleifar. Rústirnar ofan við hinn fyrirhugaða veg eiga hins vegar margt sameiginlegt með fjárborginni á Litlahálsi, kölluð Borgin (nr. 3). Forvitnilegt væri að vita hver skoðun Þjóðminjasafns er á þessum hugleiðingum.

Húshólminn sjálfur er merkilegt fyrirbæri, en það er allt önnur saga.

Gildi fornleifa getur aukist með auknu aðgengi, þó hið gangstæða sé auðvitað mögulegt. Við núverandi aðstæður er mesta hættan sú að fornleifarnar verði uppblæstri að bráð verði ekkert að gert.

Til að komast að sameiginlegri og ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla aðila, Grindavík, Vegagerðina, Þjóðminjasafnið og aðra aðila, leggur undirritaður til að farið verði í vettvangsferð í Húshólma til að skoða aðstæður og skiptast á skoðunum. Tilgangur þessara athugasemda er alls

ekki að setja sig upp á móti umsagnaraðilum, heldur benda á atriði sem undirritaður telur að megi ræða nánar. Á því læra allir aðilar, ekki síst undirritaður og minjavarslan.

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarni F. Einarsson,
fornleifafræðingur.



Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 REYKJAVÍK

Garðabæ 23. júlí 2001
Tilvísun: 2000110026

Efni: Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Húshólmi.

Þann 27. júní s.l. var farin vettvangsferð í Húshólma í Ögmundarhrauni vegna áforma um lagningu nýs vegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Undirritaður fór sem fulltrúi Þjóðminjasafns Íslands ásamt Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðingi.

Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands, dags. 21. febrúar s.l., um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar var sett fram það skilyrði að veglínan yrði flutt norður fyrir Húshólma og forna leið (4:1), en sveigi svo suður fyrir Öbrennishólma. Skoðun safnsins byggði fyrst og fremst á því að með fyrirhugaðri veglínu þvert í gegnum Húshólmann yrðu rofi tengsl milli fornleifa norðan og sunnan vegarins.

Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur sendi frá sér greinargerð 2. mars 2001 sem hann kallar: *Athugasemdir við umsagnir umsagnaraðila v/Suðurstrandarvegur*. Bjarni segir m.a.: *Því má segja að í Húshólma séu um tvær heildir að ræða, annars vegar hinar fornu rústir í neðri hluta hólmanum og hins vegar ungar rústir, sem tengjast fjárhaldi, í efri hluta hólmanum. Þessar tvær heildir eiga lítið annað sameiginlegt en að vera í óbrenndum hólma í hrauni og að vera fornleifar.*

Þjóðminjasafnið getur fallist á túlkun Bjarna F. Einarssonar um að ekki séu bein tengsl milli fornleifanna norðan í Húshólmanum og hinna sem eru sunnar í hólmanum. Vegargerðarmenn gerðu á vettvangi grein fyrir nýrri hugmynd um legu vegarins gegnum hólmann. Samkvæmt nýju tillögunni mun vegurinn liggja nokkru sunnar en áður var fyrirhugað. Er þetta m.a. gert til að færa veginn fjær rúst nr. 4:4 sem talið er að geti hafa verið fjárborg. Þetta er til bóta.

Rústirnar í Húshólmanum hafa lengi verið þekktar. Þær voru friðlýstar árið 1930. Eftirfarandi kafli er úr Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1903. Þar lýsir Brynjólfur Jónsson Húshólma eftir að hafa skoðað staðinn sumarið 1902. Einangrun staðarins hefur tryggt varðveislu hans gegnum tíðina og því á lýsingin vel við enn þann dag í dag.

Krýsuvík hefir til forna staðið niðurundir sjó fyrir vestan endann á Krýsuvíkurbergi. Nafnið *Krýsuvík* bendir á það. Engum hefði dottið í hug að kenna bæinn við *vík*, ef hann hefði fyrst verið settur þar sem hann er nú. En þar sem hann stóð fyrst hefir þetta átt við og svo hefir nafnið haldist er hann var fluttur. Hraunflóð það, sem á sínum stað er nefnt *Ögmundarhraun*, hefir eyðilagt hin forna bæ. Sjást þess glögg merki. Þá er hraunflóðið er komið ofan fyrir hálsana, breiðir það sig um alt undirlendið vestur að Ísólfsskála, sem nú er austasti bær í Grindavík. Er þar hvergi auður blettur nema að eins tveir hólmar austantil í hrauninu. Heitir hin vestari *Öbrennishólmi*. Hann er kippkorn frá sjó, austantil niðurunan

múla þeim í hálsunum, sem **Núphlið** heitir. Eystri hólminn heitir **Húshólmi**. Hann er niður við sjó skamt fyrir vestan bergið. Er hraunkvislin fyrir austan hann tiltölulega mjó. En runnið hefir hún fram í sjó fyrir austan hann, og það hefir aðalflóðið einnig gjört fyrir vestan hann, hafa svo runnið saman í fjörunni fyrir framan hann, og sést sjávarkamburinn innanvið harunið á nokkrum parti neðst í hólmanum. Að ofanverðu er hólminn hærri. Þar virðist hafa verið hæð, sem hraunið hefir flotið fram á og klofnað um. Svo lækkar hann alt í einu, en breiðkar þó um leið austur á við, en að vestan gengur hraunið þar heldur inn í hann. Þar undir hraunjaðrinum kemur forn túngarður, er liggur kringum allstórt svæði, en hverfur aftur í hraunið niður frá eigi langt frá vesturenda sjávarkambsins, sem nú var getið. Annar garður kemur undan hraunjaðrinum nokkru neðar en hinn og stefnir í suðaustur. Hann beygist suður á við og gengur gegnum hinn fyrri garð skamt fyrir ofan sjávarkambinn. Er þar hlið á hinum fyrra. Svo heldur þessi síðartaldi áfram að sjávarkambinum og hverfur þar. Er þar sem gata sé rudd gegnum kambinn, líklega sjávargata; er hér eigi allbrimsamt og mun hafa verið útræði. Fyrir neðan þennan síðartalda garð verður afhallandi brekka ofan að neðri hraunjaðrinum. Liggur þriðji garður þar ofan frá neðra garðinum og neðra hraunjaðrinum og hverfur undir hann. Þannig sér hér á 4 aðskildar girðingar, er allar hverfa að meiru að minna leyti undir hraun. Engin tóft sést í neinni þessari girðingu, svo að, ef sín girðing hefir tilheyrt hverju býli, þá eru tóftir þeirra býla hrauni byggðar. Vestur úr útsuður horni hólms gengur graslág milli tveggja hraunjaðra. Er hún eigi breiðari en svo, að eigi má ríða 2 hestum samsíða. Þegar samt er komið vestur í hraunið, kvíslast hún í tvær lágur. Þær heita **Kirkjulágar**. Þar eru rústir. Verður fyrst fyrir tóft, sem snýr frá austri til vesturs, nál. 4 fðm. löng og 2 fðm. breið. Dyr eru á vesturenda, jafnviðar og tóftin sjálf. Mun þar hafa verið þil fyrir. Norðanmegin við þessa tóft, tæplega 2 fðm. frá henni, er garður, sem beygist austur fyrir hana og hverfur þar undir hraunið, en að vestan endar hann í tóftarvegg. Er sú tóft fyrir dyrum hinnar, nálægt jafnstór henni og liggur frá norðri til suðurs. Dyr hennar hverfa undir hraunjaðarinn að sunnanverðu. Vestanvið hana dýpkar láginn að mun, en er þar ekki víðari en svari tóftarvídd. Sé það tóft, hefir þar líklega verið kjallari, en hleðslan hrunin. Frá norðausturhorni þvertóftarinnar gengur garður eftir norðurláginni, fyrst beint í norður nál. 12 fðm., svo beint í vestur nær eins langt og hverfur svo í hraunið. Utanmeð þessum garði er svo sem gangrúm hraunlaust, og er það norðurkvísl Kirkjuláganna. Litur út fyrir, að hér hafi hraunið sigið að með hægd frá báðum hliðum. Svo sem 40 fðm. norðar í hrauninu er auður vesturhluti rústar, sem auðsjáanlega er bæjarrúst. Hefir hún verið þrískipt. Miðtóftin snýr frá norðri til suðurs og hefir dyr á suðurenda og aðrar á vesturveggnum, inn í vesturtóftina. Inn af miðtóftinni virðist og hús hafa verið, sem er hrauni hulið alt að kalla. Miðtóftin nál. 2 ½ fðm. löng og 1 ½ fðm. víð. Vesturtóftin er jafnvið og hin er löng, nfl. 2 ½ fðm., en nál. 5 fðm. á lengd. Hún er merkileg að því, að með báðum veggjum, eftir henni endilangri, eru 1 al. breið set eða rúmstæði og markar glöggt fyrir veggjunum þar utanvið. Austasta tóftin er nær öll hrauni hulin. Þó sýnist sem útidyr hafi verið á henni fyrir austan útidyr miðtóftarinnar. Hvergi er hraunlaus blettur kringum þessa rúst, og ekki verður komizt að henni nema á hrauni.

Nafnið **Kirkjulágar** bendir á, að hér hafi **kirkjustaðurinn Krýsuvík** verið. Getur vel verið, að tóftin í syðri láginni, sem fyrst var talin, sé einmitt kirkjutóftin. Hefir heimabærinn þá víst verið þar líka. Rústin uppi í hrauninu er þó ekki eftir smákot. Hygg eg að heimabærinn hafi verið tveir, **Efribær** og **Fremribær**, og kirkjan verið hjá **Fremri-bænum**. Eftir afstöðu að dæma, hafa girðingarnar, sem fyr getur, eigi verið tún þessara bæja, heldur annara afbýla, sem þá eru hrauni hulin. Og hver veit hve mörg býli þar kunna að vera horfin?

Þjóðminjasafn Íslands stendur frammi fyrir miklum vanda gagnvart hugmyndinni um veg í

gegnum Húshólma. Fornleifum á svæðinu stafar ekki bein hættu af framkvæmdum við veglagninguna. Tilkoma vegarins svo nærri fornleifunum leiðir það hins vegar af sér að aðgengi fólks, að þessu einstaka og um leið viðkvæma minjasvæði, verður það auðvelt að minjunum kann að stafa mikil hættu af því.

Á svæðinu kringum Húshólmann hafa staðið hús sem horfið hafa undir hraun. Í hólmanum sjálfum eru rústir nokkurra húsa sbr. lýsinguna hér að ofan. Hraunrennslið hefur umlukið eitt af húsunum í hólmanum án þess að brjóta það niður. Húsið hefur í aldanna rás grotnað niður svo að nú er lítið annað eftir en hraunið sem myndar eins konar mót af húsinu. Þetta er algjörlega einstakt fyrirbæri á Íslandi og hefur gildi á heimsvísu.

Húshólmi hefur verið nefndur sem einn af örfáum stöðum á Íslandi sem til greina kæmu að settir yrðu á svo kallaða heimsminjaskrá. Enginn íslenskur staður er á heimsminjaskránni. Á minjaskrána komast einungis staðir sem taldir eru hafa menningarsögulegt gildi fyrir alla heimsbyggðina.

Í 7. gr. Þjóðminjalaga stendur: *Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar.....*


Í lagagreininni koma fram lykilorð varðandi vanda Þjóðminjasafnsins í Húshólma. Safninu er ætlað að skrásetja og varðveita fornleifar og því er einnig ætlað að kynna þær almenningi. Lagning vegarins gegnum Húshólma gefur einstakt tækifæri til að kynna þær merku minjar sem þar eru fyrir almenningi. Það má þó ekki verða á kostnað varðveislu þeirra. Það er ljóst að svo að hægt sé að heimila lagningu vegarins gegnum hólmann þarf að leggja í vandaðar og kostnaðarsamar aðgerðir til að tryggja varðveislu minjanna.

Þjóðminjasafnið Íslands telur að til að hægt sé að fallast á lagningu vegarins gegnum Húshólma þurfi að gera bílastæði við veginn. Mæla þarf rústirnar á svæðinu upp og búa til upplýsingaspjöld á bílastæðinu þar sem almenningur getur fræðst um það sem þar er að sjá. Leggja þarf stíga um svæðið þannig að umferð um það sé stýrt. Búa þarf til umbúnað um rústirnar sjálfar þannig að þeim stafi ekki hætt af umferð gangandi fólks um svæðið en jafnframt þannig að tilfinningin fyrir mikilfengleika rústanna í hrauninu glatist ekki. Til athugunar væri að efna til samkeppni um frágang svæðisins. Þjóðminjasafnið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa að þessum framkvæmdum. Huga þyrfti að samstarfi safnsins, Vegagerðarinnar, Grindavíkubæjar, Náttúruverndar ríkisins og e.t.v. fleiri aðila í þessu sambandi. Samningur milli þessara aðila og framkvæmdaáætlun verður að liggja fyrir áður en hafist verður handa við vegaframkvæmdirnar og framkvæmdir við frágang svæðisins verða að haldast í hendur við vegagerðina og vera lokið áður en almennri umferð verður hleypt á veginn. Tryggja þarf viðhald þeirra mannvirkja sem þarna verða reist í framtíðinni og eftirlit með fornleifunum. Ráða þarf umsjónarmann yfir sumartímann sem hefði með höndum leiðsögn og eftirlit á svæðinu. Einungis að uppfylltum þessum skilyrðum getur Þjóðminjasafn Íslands fallist á að vegur verði lagður í gegnum Húshólma. Ef ekki er hægt að tryggja varðveislu minjanna á svæðinu með slíkum aðgerðum telur safnið að að eina leiðin til að forða þeim frá skemmdum sé að viðhalda erfiðu aðgengi að svæðinu með því leggja veginn norðan Húshólmans.

Tillögur safnsins má flokka á eftirfarandi hátt:

- Mæla þarf rústirnar á svæðinu og færa þær inn á kort
- Gera þarf bílastæði við veginn gegnum Húshólma
- Setja þarf upp upplýsingaspjöld við bílastæðið
- Leggja þarf göngustíga um svæðið
- Hanna þarf og setja upp umbúnað í kringum rústirnar til að verja þær ágangi
- Athuga hvort ekki væri heppilegt að efna til samkeppni um framkvæmdir á svæðinu
- Efna þarf til samstarfs Þjóðminjasafns Íslands, Vegagerðarinnar, Grindavíkurbæjar, Náttúruverndar ríkisins o.fl. um skipulag og frágang svæðisins
- Semja þarf framkvæmdaáætlun sem taki mið af vegafamkvæmdum þannig að framkvæmdir við frágang svæðisins haldist í hendur við vegagerðina og verði lokið áður en almennri umferð verður hleypt á veginn.
- Tryggja þarf viðhald þeirra mannvirkja sem þarna verður reist
- Tryggja þarf eftirlit með fornleifunum á svæðinu
- Ráða þarf umsjónarmann yfir sumartímann sem hefði með höndum leiðsögn og eftirlit á svæðinu.

Virðingarfyllt



Kristinn Magnússon,
fornleifafræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun